

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 501/1997 um ökuskírteini.**

1. gr.

III. viðauki breytist þannig:

Í. II. tölulið, sameiginleg ákvæði, undir fyrirsögninni „ástand ökutækis og búnaður“ í stað „31. desember 2008“ kemur: 30. september 2013.

Í. II. tölulið, sameiginleg ákvæði, í stað 1. og 2. mgr. undir fyrirsögninni „sjálfskipting“ kemur:

Ökutæki með sjálfskiptingu merkir í reglugerð þessari ökutæki sem ekki er búið kúplingsfetli eða kúplingshandfangi (á bifhjóli).

Ökutæki með sjálfskiptingu má ekki nota við verklegt próf.

2. gr.

IV. viðauki breytist þannig:

Á undan síðasta málslið 2. mgr. 1. töluliðar, námskrár, bætist við nýr málsliður sem orðast svo: Fjarnám skal skipulagt í samræmi við námskrá og nánari ákvörðun Umferðarstofu.

3. gr.

VII. viðauki breytist þannig:

Á VII. viðauka verða eftirfarandi breytingar:

Í 2. tölulið „táknölur sem gilda fyrir evrópska efnahagssvæðið“ aftan við „10.02 í stað „sjálfskipting“, kemur: ökutæki sem ekki er búið kúplingsfetli eða kúplingshandfangi (á bifhjóli).

Í 2. tölulið „táknölur sem gilda fyrir evrópska efnahagssvæðið“ aftan við „78“ í stað „takmarkað við ökutæki með sjálfskiptingu“, kemur: takmarkað við ökutæki sem ekki er búið kúplingsfetli eða kúplingshandfangi (á bifhjóli).

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/65/EB frá 27. júní 2008 um breytingu á tilskipun 91/439/EBE um ökuskírteini. Tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun nr. 138/2008 til birtingar í EES viðauka við Stjórnartíðindi EB.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 50. og 52. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu,*

dröög